

95. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 3. apríl 2019 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður
Kristjana Helga Ólafsdóttir varaformaður
Björn Guðmundsson
Helgi Pétur Ottesen
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna
Pura B. Hreinsdóttir starfandi hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Ársreikningur 2018

Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. fór yfir ársreikninginn ásamt framkvæmdastjóra.

Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur Höfða 966 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta námu 934,3 mkr. Afskriftir námu 26,9 mkr. og fjármagnsliðir nettó 15,9 mkr.

Rekstrartap ársins fyrir óreglulega liði nam 11,1 mkr. Óreglulegar tekjur námu 16,3 mkr. vegna launabóta fyrra árs. Rekstrarafkoma ársins er jákvæð um 5,2 mkr.

Handbært fé hækkar um 53,6 mkr. og nam 177,7 mkr. í árslok 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikninginn með undirskrift sinni.

2) Viðburðaryfirlit

Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir mars 2019.

3) Bréf heilbrigðisráðuneytis dags. 19.3.2019

Svar heilbrigðisráðuneytisins á beiðni Höfða um fjölgun dagdvalarrýma og breytingu á almennum dagdvalarrýmum í sérhæfð dagdvalarrými fyrir fólk með heilabilun.

Stjórn Höfða fagnar ákvörðun ráðherra um að fjölga almennum dagdvalarrýma um fimm talsins en þykir miður að ráðherra hafi ekki getað orðið við beiðni Höfða um breytingu á almennum dagdvalarrýmum í sérhæfð dagdvalarrými.

4) Önnur mál

a) Ársskýrsla SFV fyrir starfsárið 2018-2019

Lögð fram.

Handwritten signatures and initials in blue ink:

- AM
- RB
- PHH
- KY
- ELA.

b) Ályktun aðalfundur SFV varðandi endurnýjun á rammasamningi um rekstur hjúkrunarheimila

Stjórn Höfða tekur undir ályktun aðalfundar SFV og skorar á heilbrigðisráðherra að hlutast til um að nú verði settur fullur kraftur í samningaviðræður á milli Sjúkratrygginga Íslands og öldrunarstofnana um endurnýjun á rammasamningi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Elsa Lára Arnardóttir.

Kristpaura H. Þlafsdóttir

Júlíus Þórunn Óttar

Þóra B. Heinsdóttir.

Guðm. Maniandóttir

Þórunn Þórunn

Vindur Vindur